

Ed.

345. Tillaga

til þingsályktunar um skipun millipinganevndar til þess að undirbúa löggjöf um nýbýlahverfi í sveitum.

(Eftir fyrri umr. í Ed.).

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa millipinganevnd til þess að undirbúa löggjöf um, að ríkissjóður reisi nýbýlahverfi í sveitum.

Nefndin skal skipuð þrem mönnum. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tillögum stjórnar Alþýðusambands Íslands, annar eftir tillögum stjórnar Búnaðarfélag Íslands, hinn þriðja skipar landbúnaðarráðherra, og er sá formaður nefndarinnar.